# DÖFFBLAÐIÐ

Fréttabréf Félags heyrnarlausra í október 2009



## Uppbyggingu menntunar og þjónustu fyrir heyrnarlausa í Namibíu



## Þróun táknmálskennslu á Íslandi



## Alþjóðlega keilumótið í Stuttgart

# Í þessu blaði ...


3 Formannsleiðari
*Heiðdís Dögg Eiríksdóttir*

3 Ávarp framkvæmdastjóra
*Daði Hreinsson*

4 Þróun táknmálskennslu á Íslandi
*Júlía G. Hreinsdóttir*

8 SignOnOne
*Framhald evrópuverkefnis um gerð námsefnis á ensku*

9 Tinna táknmálsálfur
*Tíu nýir þættir sýndir hjá RÚV í vetur*

10 Uppbyggingu menntunar og þjónustu fyrir heyrnarlausa í Namibíu
*Starfsemi SHH í Namibíu*

14 Alþjóðlega keilumótið í Stuttgart
*Keila er tilvalin íþrótt fyrir alla*

15 Framtíð Íþróttafélags heyrnarlausra
*Skiptar skoðannir um framtíðaráherslur í starfinu*

17 Húsnæðið hannað með þarfir starfseminnar að leiðarljósi
*Samskiptamiðstöð flytur á Suðurlandsbraut 12*

19 Myndsímatúlkun
*Túlkaþjónusta Samskiptamiðstöðvarinnar*

21 Framboðsfundur
*Alþingiskosningarnar 25. apríl 2009*

23 Draumar 2009
*Alþjóðlega leiklistarhátíðin haldin í Reykjavík*

25 Puttalingar á ferð og flugi
*Frá stjórn Puttalinga*

27 Frásögn af skrifum um sögu heyrnarlausra
*Viðtal við Reyni Berg Þorvaldsson*

29 Evrópska ungmennamótið
*Kolbrún Völkudóttir*

31 Fréttir af öldruðum
*Anna Jóna segir frá*



**Döffblaðið-Fréttabréf Félags heyrnarlausra, 1. tölublað 10. árgangur, október 2009**

**Útgefandi:** Félag heyrnarlausra,
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.
Sími 561 3560, fax 551 3567.
Netfang deaf@deaf.is, veffang www.deaf.is.
**Ábyrgðarmaður:** Heiðdís Dögg Eiríkdsdóttir.
**Ritstjóri:** Daði Hreinsson.
Að blaðinu unnu: Daði Hreinsson og Árni Jóhannesson.
**Prófarkalestur:** Anney Þórunn Þorvaldsdóttir.
**Umbrot og prentun:** Litróf.

Ljósmyndir: Daði Hreinsson og aðsendar myndir.
Stjórn Félags heyrnarlausra: Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, formaður, Guðmundur Ingason, varaformaður, Kristín Friðriksdóttir, Magnús Sverrisson og Sunna Davíðsdóttir.
Framkvæmdastjóri: Daði Hreinsson.
Upplag: 1.200 eintök
ISSN: 1670-6013




# Formannsleiðari

## *Heiðdís Dögg Eiríksdóttir*



Í nær 50 ár hefur Félag heyrnarlausra unnið að bættum réttindum heyrnarlausra og heyrnarskertra á Íslandi með misjöfnum árangri. Breyttar aðstæður í þjóðfélaginu kalla á breyttar áherslur í starfi Félags heyrnarlausra. Við þurfum að halda áfram að segja sögu okkar, hver við erum, og uppræta staðalmyndir um heyrnarleysi. Nú á haustdögum kynnti nefnd vistheimila skýrslu sína varðandi vistheimili á vegum ríkisins og þar á meðal Heyrnleysingjaskólann. Með skýrslunni er búið að aflétta þeirri óhuggulegu þögn sem legið hefur yfir þessu í mörg ár. Við þurfum að gæta þess að standa vörð um það sem hefur áunnist og sjá til þess að komandi kynslóðir verði ekki þögninni að bráð, þögninni sem hugrakkir einstaklingar rufu.

Í febrúar á komandi ári fagnar Félag heyrnarlausra 50 ára afmæli sínu. Undirbúningsnefnd afmælishátíðarinnar vinnur hörðum höndum að því að gera hátíðina eftirminnilega. Á afmælishátíðinni stendur til að hafa málþing þar sem erlendir döff gestir koma og munu leggja sitt af mörkum til dagskráarinnar. Norðurlandaráð heyrnarlausra (DNR) ásamt Evrópuráði heyrnarlausra (EUD) munu koma saman á Íslandi samtímis afmælishátíðinni til að funda. Ásamt afmælishátíðinni verður gefin út bók sem fjallar um sögu heyrnarlausra á Íslandi og í henni er saga heyrnarlausra á Íslandi rakin langt aftur í tímann, eða aftur til nítjándu aldar.

Virðingarfyllst,
Heiðdís Dögg Eiríksdóttir

# Ávarp framkvæmdastjóra

## *Daði Hreinsson*



Þegar maður hugsar eitt ár til baka yfir allt sem gerst hefur í þjóðfélaginu fær maður hálfgerðan kvíðahroll. Ekki minnkar kvíðahrollurinn þegar horft er til framtíðar og þess niðurskurðar hins opinbera sem bíður okkar allra. Hvað heyrnarlausa snertir óttast ég töluvert þjónustuhrap í formi minni túlkunar, lægri fjárframlaga til reksturs Félags heyrnarlausra og minni tekjumöguleika okkar þar sem flestir sjóðir sem sótt var í fóru á hliðina með bönkunum. Hinir fáu styrktarsjóðir sem eftir eru eru þéttsetnir umsóknum frá öllum mögulegum samtökum og félögum. Þetta þýðir að hagræða þarf í rekstrinum og sem betur fer fyrir okkur hjá Félagi heyrnarlausra var farið í endurskipulag á rekstrinum fyrir bankahrun þannig að við erum nokkuð vel sett til að mæta þeim erfiðleikum sem bíða okkar án þess að það bitni mikið niður á þjónustu okkar við heyrnarlausa félagsmenn.

Félagið undirbýr nú 50 ára afmæli sitt þann 11. febrúar 2010. Í undirbúningi er hátíðardagskrá dagana 11.-13. febrúar þar sem m.a. verður opinberuð bók um sögu heyrnarlausra. Reynir Berg Þorvaldsson sagnfræðingur og Steinunn Þorvaldsdóttir þjóðháttafræðingur hafa tekið saman efni í bókina sem spannar sögu heyrnarlausra allt aftur á 19. öld þegar heyrnarlausir voru sendir til Danmerkur, en Reynir Berg hefur gert sér ferðir til Danmerkur til að afla gagna um þá sem þangað voru sendir.

Barátta félagsins fyrir réttindum heyrnarlausra heldur áfram. Við fögnum birtingu skýrslu frá vistheimilisnefndinni þar sem fram koma aðstæður þær sem heyrnarlausir þurftu að búa við í Heyrnleysingjaskólanum í um 50 ára skeið. Hvetur Félag heyrnarlausra hið opinbera til aðgerða svo leiðrétta megi eftir fremsta megni það sem þau fóru á mis við í skólagöngu sinni.

Þá setti ný ríkisstjórn sem tók við völdum í febrúar á þessu ári táknmálsfrumvarpið í 17 síðna aðgerðarplagg sitt sem klára átti á valdatímanum. Félagið mun nú fylgja eftir frumvarpinu með vökulu auga félagsmanna þannig að það komist alla leið í gegn og heyrnarlausir fái sitt eigið fallega íslenska táknmál sem sitt móðurmál með tilheyrandi réttindum sem því fylgir. Tel ég það skylduverkefni ríkisstjórnarinnar að viðurkenna táknmálið eftir opinberun skýrslu vistheimilisnefndarinnar þar sem sannað og sýnt er að hið opinbera hafi gert mörg mistök í almennum réttindum heyrnarlausra til menntamála og mannréttinda.

# Þróun táknmálskennslu á Íslandi

*Júlía G. Hreinsdóttir*

## Skólinn, vagga menningar heyrnarlausra

Áður var samfélag Döff mjög einangrað á Íslandi. Í samfélaginu er talað íslenskt táknmál og spjallað er um allt milli himins og jarðar, stjórnmál, mannlíf og hvað sem er. Í gamla daga voru miklir fordómar í samfélaginu gagnvart Döff, fólk áleit að Döff væru aumingjar. Þá var engin táknmálskennsla í boði og engin fræðsla veitt um menningu Döff og íslenskt táknmál. Íslenska táknmálið var í raun ósýnilegt almenningi sem áttaði sig ekki á því hve mikilvægt það væri Döff fólki. Enginn gerði sér grein fyrir því að táknmálið var lykillinn að menntun og eðlilegum samskiptum.

Döff sjálfir hafa lært táknmálið í gegnum dagleg samskipti við aðra heyrnarlausa. Kennarar og foreldrar kunnu ekki táknmál, aðeins stöku tákn. Heyrnarlaus börn voru því mjög einangruð í heyrandi heimi.

Heyrnleysingjaskólinn gegndi veigamiklu hlutverki sem málmiðstöð fyrir Döff börn og fullorðna. Það var nefnilega ekki hægt að útrýma táknmálinu þó það væri bannað í kennslunni. Döff héldu áfram að hafa samskipti, deila hugsunum, gleði og sorg í gegnum táknmálið. Smátt og smátt mótaðist því menning og samfélag Döff. Vagga menningarinnar varð til og félagsandinn styrktist meira og meira.

Þó ekki hafi verið kennt táknmál í skólanum þróaðist málið samt sem sjálfstætt mál með flókna málfræði og setningagerð.



*Táknmálsnámskeið frá þessu ári.*

## Fingramálsstafróf gefið út árið 1857

Á Íslandi var táknmálskennslu lítill gaumur gefinn fram á 19. öld. Mállaus maður á Akureyri, Sigfús Sigurðsson, gaf út fyrsta fingramálsstafrófið árið 1857 í kverinu Fingramálstafróf (sjá mynd að neðan). Þetta er upphaflega danskt fingrastafróf og er enn í notkun hér á landi. Eldri Döff Danir skilja íslenska fingrastafrófið vel af þessum sökum.

## Íslenskt táknmál viðurkennt 1974–1975

Í byrjun júní 1974 hélt Norðurlandaráð heyrnarlausra (Døves Nordiske Råd) þing hér á landi. Hingað kom Agnete Munkesö, ráðgjafi heyrnarlausra í Danmörku, í boði framkvæmdanefndar Félags heyrnarlausra og Foreldra –og styrktarfélags heyrnardaufra. Hún hélt námskeið í dönsku táknmáli og flutti erindi í Norræna húsinu um málefni heyrnarlausra. Námskeiðið og fyrirlestur hennar vakti verðskuldaða athygli þeirra sem þátt tóku og á hlýddu og má telja víst að ýmsir sáu stöðu mála í nýju ljósi eftir þessa heimsókn Agnete Munkesö. Byrjað var að safna fé sem nota skyldi m.a til að halda uppi og auka samskiptin við Norðurlönd og önnur lönd. Einnig var ákveðið að halda námskeið, gefa út táknmálsbók og fleiri verkefni átti að vinna.

## Fyrsta táknmálskennslan í Félagi heyrnarlausa 1976

Árið 1976 gerðu heyrnarlausir á Íslandi í fyrsta skipti tilraun til að kenna heyrandi táknmál. Tvær heyrnarlausar konur, Hervör Guðjónsdóttir og Sigurborg Skjaldberg héldu táknmálsnámskeið fyrir kennara Heyrnleysingjaskólans. Þær útbjuggu sjálfar námsefnið á grunni námsefnis frá Norðurlöndum og var þetta á allan hátt frumraun. Kennarar skólans höfðu allir menntast í kennslu heyrnarlausra erlendis og fluttu með sér ýmis tákn úr táknmáli þeirra landa þar sem þeir höfðu menntast.

## Táknmálskennsla í framhaldskólum 1979–1980

Áfram var haldið með táknmálsnámskeið. Þær Hervör og Sigurborg héldu sex vikna námskeið fyrir hjúkrunarkonur, þroskaþjálfanema, fóstrur, foreldra heyrnarlausra barna og studdust við danska kennslubók í táknmáli, „Undervisningsblade i Tegnsprog“. Í raun var ekki verið að kenna íslenskt táknmál heyrnarlausra heldur sambland af táknum og íslensku. Námsefnið var íslenskað og tákn með grunninn í íslenskri málfræði og setningaskipan voru kennd. Dæmi úr námsefninu:

> Við keyptum kjöt og álegg.
> Mamma borgaði 22 kr. 15 aura.
> (það er) dýrt.
>
> Orðalisti
> kjöt – álegg – kaupa – kjötbúð



*Magga að kenna á táknmálsnámskeiði 1984.*

## Hröð þróun 1980 – 1994

Á árunum 1980-1994 varð þróun táknmálskennslu mjög hröð. Óhætt er að fullyrða að við nálguðumst hratt stöðuna eins og hún var orðin best á hinum Norðurlöndunum. Lítum nánar þróunina.

Árið 1980 til 1985 sá Rúnar Björgvinson um forskóla Heyrnleysingjaskólans og stóð hann fyrir foreldraráðgjöf og táknmálskennslu. Það var í fyrsta sinn sem foreldrar fengu samfelld táknmálsnámskeið. Þó að ekki væri kennt táknmál heyrnarlausra heldur táknuð íslenska var þetta mjög gott framtak og því geta foreldrar þessara barna talað við börn sín með táknum. Rúnar valdi nokkra heyrnarlausa nemendur sem höfðu gott vald á íslensku til þess að taka þátt í táknmálskennslunni en þeir fengu engin laun fyrir. Þannig var fyrirkomulagið næstu árin, heyrnarlausir unglingar freistuðu þess að kenna foreldrum yngri barna táknmál á námskeiðum en ævinlega var um að ræða orðalista og táknaða íslensku. Þeir vissu í raun ekki um gildi hans sanna táknmáls heyrnarlausra. Það kom seinna.

Ég man vel eftir því þegar við Döff kenndum foreldrum og kennurum táknaða íslensku. Við táknmálskennarar höfðum hvorki vit á málfræði né kennsluaðferðum. Við reyndum að kenna þeim táknmál en kenndum bara lista af táknum án þess að geta útskýrt málfræðina sem gilti. Nemendur okkar settu því táknin saman með íslenskri málfræði og eftir námskeiðin skildu Döff ekki heyrandi og öfugt.




Norræn menningarhátíð Döff var haldin 1. - 5. júlí árið 1986 á Íslandi. Í reglum um hátíðina segir að skylt sé að hver þjóð sjái þátttakendum sínum fyrir túlkun á hátíðinni. Þá kom í ljós að ekki var hægt að finna túlk á Íslandi. Félag heyrnarlausra sem bar ábyrgð á framkvæmd menningarhátíðarinnar þurfti því að útvega túlka fyrir hátíðina. Við táknmálskennarar fórum því í það verkefni árið fyrir hátíðina að finna fólk sem hægt væri að kenna nægilega mikið á þessu einu ári til að það gæti túlkað fyrir okkur. Okkur tókst að finna 10 manns sem töluðu allgott táknmál og það var mat manna að unnt yrði að kenna þeim nóg til að þau gætu túlkað. Þeir sem hér var um að ræða voru aðallega foreldrar og systkini Döff, kennarar úr Heyrnleysingjaskólanum og vinir heyrnarlausra sem höfðu notað einhvers konar táknmál nokkuð lengi. Veturinn 1985-1986 kenndum við þessum 10 manna hópi táknmál með það að markmiði að hafa 7 menntaða táknmálstúlka á hátíðinni. Við sáum alltaf betur og betur að það var eitthvað að, kennslan gekk ekki upp. Í hópnum voru tveir kennarar okkar úr skólanum. Kennarnir komust yfir danskar kennslubækur um táknmál sem þær lásu og reyndu að þýða fyrir okkur. Við bárum dönsku málfræðiskýringarnar saman við íslenska táknmálið og þar fór eitthvað að skýrast. Eftir að hafa rætt saman áttuðum við okkur á að við vorum ekki að kenna rétta málfræði, ekki rétt táknmál og reyndum að breyta kennsluaðferðum. Ennþá var stuðst við kennslubók í táknmáli: Undervisningsblade i Tegnsprog og fleiri danskar bækur bættust við. Það var ekki auðvelt




*Stuðst var við kennslubók í táknmáli: Undervisningsblade i Tegnsprog og fleiri danskar bækur. Það var ekki auðvelt að breyta kennslunni og hætta að kenna táknaða íslensku.*



*Fjölskyldunámskeið í Kaldárseli*

að breyta kennslunni og hætta að kenna táknaða íslensku. Helsta ástæða fyrir þeim erfiðleikum var að við Döff áttum erfitt með að bera saman málin og þýða. En þarna uppgötvuðum við fyrst hversu mjög frábrugðið táknmál er frá táknaðri íslensku.

Eftir Menningarhátíðina var haldið námskeið fyrir leiðbeinendur í táknmáli um haustið og fram til vors. Námið var haldið á vegum Heyrnleysingjaskólans í samvinnu við Félag heyrnarlausra. Námið var nýlunda og tilraun af skólans hálfu til að bæta úr þörfinni á leiðbeinendum til að kenna á táknmálsnámskeiðum sem haldin voru fyrir foreldra og venslafólk heyrnarlausra barna og annað áhugafólk. Sigríður Ólafsdóttir félagsráðgjafi sá um skipulagninguna á náminu sem var 86 klst. Þátttakendur voru allir heyrnarlausir eða heyrnarskertir.

Árin 1986-1987 hélt táknmálskennslan áfram en við Döff og heyrnarskertir kennarar fundum til óöryggis í kennslunni því mörgum spurningum var enn ósvarað varðandi málfræði táknmálsins. Afar lítið var til af rannsóknum um táknmálið og gerði það kennsluna erfiðari. Nú, þegar byrjað er að rannsaka íslenskt táknmál eftir lögmálum málvísindanna, skiljum við ýmislegt sem okkur var þá hulið. Nú vitum við að táknmál lýtur sínum lögmálum eins og önnur tungumál.

## Þróunin varð ekki stöðvuð

Áhugasömustu kennararnir Valgerður Stefánsdóttir og Þórey Torfadóttir unnu að bættri túlkaþjónustu í framhaldsskólanum eftir menningarhátíð döff. Einnig héldu þær áfram náminu og lásu allt tiltækt efni um málfræði dansks táknmáls og héldu áfram samvinnu við heyrnarlausu táknmálskennarana. Þekking á málfræði íslensks táknmáls t.d. próformum, staðsetningum og o.s.frv var að verða til á Íslandi vegna samstarfs kennaranna og Döff táknmálskennara. Menn voru að fást við ný málfræðihugtök og mál sem aldrei hafði verið lýst. Döff táknmálskennararnir kunnu táknmálið en höfðu aldrei lært um málið og flestir kunnu mjög takmarkaða íslensku. Vala og Þórey kunnu íslensku og höfðu bæði lært málfræði hennar og táknmál. Skilningur á málfræði íslenska táknmálsins varð því smám saman til í gegnum endalausar umræður um þýðingarsvið og athuganir, lestur á erlendum málfræðigreinum um táknmál sem voru útskýrðar fyrir döff táknmálskennurum sem reyndu að finna samsvaranir í íslenska táknmálinu.

Eftir að heyrandi fólk og döff fóru að vinna saman að táknmálskennslunni af gagnkvæmri virðingu, jókst skilningur á málfræði íslenska táknmálinu smám saman. Eftir varð grunnur sem hægt var að byggja á annars konar táknmálskennslu og hefja raunverulegar málfræðirannsóknir.

Árin 1986 – 1989 stundaði ég nám við Þroskaþjálfaskóla Íslands. Skólastjórinn Bryndís Víglundsdóttir vildi að bekkjarsystkini mín lærðu táknmál til þess að eiga samskipti við mig í náminu og til þess að ég ætti starfsfélaga og vini sem ég gæti rætt við eftir að ég yrði þroskaþjálfi. Það varð því úr að ég var fengin til þess að kenna bekkjarsystkinum mínum táknmál sem valfag. Þessi byrjun þróaðist í það að nemendum var boðið upp á samfellt, heildstætt nám í íslensku táknmáli á síðasta námsári sínu í skólanum. Þetta krafðist mikil undirbúnings og var leitað til KC í Danmörku um aðstoð. Bryndís aflaði fjár til þess að bjóða hingað Britu Hansen forstöðumanni Samskiptamiðstöðvarinnar í Danmörku og vann hún með mér og Valgerði Stefánsdóttur, sem þá var túlkur minn í náminu, í eina viku í ágúst 1988 að undirbúningi. Hún kenndi okkur mjög margt um kennslufræði táknmáls. Nú gátum við beitt öðrum aðferðum en áður í kennslunni. Þessar nýju kennsluaðferðir sem við höfðum lært voru byggðar á táknmálinu sjálfu og málfræði þess en ekki á íslensku.

Uppbyggingar- og rannsóknarstarfið varðandi kennslu táknmáls hélt áfram. Kennararnir kynntu sér táknmálskennsluna í Danmörku og Svíþjóð. Helsti samstarfsaðilinn var eftir sem áður Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskerta (KC) í Kaupmannahöfn og á vorönninni kom annar kennari Asger Bergman frá KC hingað til þess að aðstoða okkur við námsmat.

Það var meðan á þessari nánu samvinnu við Samskiptamiðstöðina í Kaupmannahöfn stóð að okkur varð ljóst hve brýnt var að stofna Samskiptamiðstöð heyrnarlausra á Íslandi. Baráttan fyrir Samskiptamiðstöð hófst í Þroskaþjálfaskólanum með dyggum stuðningi Bryndísar Víglundsdóttur skólastjóra. Skrifuð voru bréf og haldnir fundir með ráðamönnum. Við sem unnum að táknmálskennslunni vildum að stofnunin heyrði undir menntamálaráðuneytið og með því yrði viðurkennt mál og menning Döff. Við horfðum á rannsóknir og kennslu sem megin verkefni Samskiptamiðstöðvar en vildum ekki að táknmálið væri flokkað sem hjálpartæki fatlaðra og að félagsleg þjónsuta yrði megin verkefnið. Það átti að vera seinni tíma verkefni þegar búið væri að mennta starfsfólk í táknmáli.

Á ráðstefnu sem Félag heyrnarlausra hélt á Hótel Loftleiðum í apríl 1989 var m.a kynnt starfsáætlun félagsins næstu fimm árin. Sérstakur gestur ráðstefnunnar var Birthe Petersen frá Samskiptamiðstöð heyrarnlausra og heyrnarskertra í Kaupmannahöfn (KC). Hún flutti erindi þar sem hún kynnti starfsemi KC og þróun starfseminnar þar, einkum rannsóknir á táknmáli og kennsluefnisgerð. Það var svo hinn 31. desember 1990 að forseti Íslands undirritaði lög um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra sem heyrði undir menntamálaráðuneytið.

## Táknmálskennsla í Samskiptamiðstöð 1990 – 2009

Öll táknmálskennsla var nú í höndum Samskiptamiðstöðvarinnar en áður hafði Félag heyrnarlausra séð um hana, eða frá 1974. Döff táknmálskennarar voru ráðnir og fengu þar með fyrst föst laun fyrir vinnu sína. Dönsku kennslubækurnar sköpuðu ennþá grunninn undir kennsluna en strax um vorið 1991 fór Valgerður Stefánsdóttir til Kaliforníu til þess að kynna sér táknmálskennslu, túlkaþjónustu og uppbygginu á túlkanámi. Hún heimsótti GLAD (Greater Los Angeles Agency on Deafness) og CSUN (California State University, Northridge) þar sem boðið er upp á nám í táknmálsfræði og túlkun. Námsbókin sem þar var notuð við táknmálskennsluna Signing Naturally: Student Videotext and Workbook var keypt og ráðist var í að þýða hana og staðfæra. Þarna var byggt á nýjustu aðferðum við tungumálakennslu með samskiptum og málfræði og orðaforði var fléttuð saman á náttúrulegan hátt. Við höfum unnið áfram út frá þessu námsefni grunni en þróað kennsluna og staðfært svo kennslan og námsefnið passi sem best við Íslendinga og Ísland. Samhliða höfum við alltaf þurft að vinna að rannsóknum á íslenska táknmálinu til þess að geta þróað námsefnið.

Í dag er staða táknmálskennslu góð. Við bjóðum upp á mismunandi og krefjandi námskeið fyrir ólíka hópa, t.d. foreldranámskeið, daufblindranámskeið, barnanámskeið, sérnámskeið (bankar, lögregla o.fl), túlkanám og margt fleira. Við erum sífellt að móta og þróa kennsluleiðbeiningar svo þær passi sem best við hvert námskeið. Í Háskóla Íslands er boðið upp á táknmálsfræði og byggir námsefni og kennsluaðferðir þar á því efni sem hefur verið byggt upp og þróað á Samskiptamiðstöð.

# SignOnOne

## *Framhald evrópuverkefnis um gerð námsefnis á ensku*

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra tekur nú þátt í framhaldi Evrópuverkefnisins SignOn! sem lauk í október 2007. SignOn! var samstarfsverkefni um gerð námsefnis á ensku á www.sign-on.eu. Nýja verkefnið heitir SignOnOne og er sjálfstætt framhald þess fyrra. Verkefnið hófst á haustdögum 2008 og áætlað er að því ljúki haustið 2010. Samstarfsaðilar verkefnisins eru auk Íslands, Austurríki, Noregur, Spánn, Ungverjaland og Tékkland. Haldnir eru reglulegir samstarfsfundir þar sem skipulag er rætt, búnar eru til áætlanir og fræðileg umræða fer fram um innihald námsefnisins.



*Markmiðið að búa til kennsluefni fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta sem hafa litla eða enga grunnþekkingu í ensku.*

### Forsaga

Lengi hefur verið reynt að þróa og finna nýjar aðferðir í tungumálakennslu heyrnarlausra. Á árunum 2004 – 2007 tók SHH þátt í Evrópuverkefninu SignOn! sem var tilraunaverkefni í enskukennslu á netinu fyrir heyrnarlausa. Ekkert sambærilegt efni var til sem var aðgengilegt á sama hátt og SignOn! en hægt er að nálgast það á netinu án endurgjalds. Auk þess að læra ensku er námsefnið ekki síður áhugavert í þeim tilgangi að bera saman ólík táknmál, t.d. íslenskt og austurrískt eða spænskt og enskt. Viðbrögð við SignOn! verkefninu sýndu að fólk vildi meira af slíku efni en einnig kom fram þörf á efni fyrir algjöra byrjendur í ensku.

### Markhópur og markmið

Markhópur fyrra verkefnisins var heyrnarlausir með einhverja færni í ensku. Í SignOnOne er markmiðið að búa til kennsluefni fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta sem hafa litla eða enga grunnþekkingu í ensku. Enskunámskeið fyrir heyrandi eru höfð til hliðsjónar en aðferðir og námsefni er aðlagað að þörfum heyrnarlausra. Myndrænar útskýringar eru á orðum og orðasambondum, gefnar eru þýðingar á táknmáli, orðabók fylgir þar sem ensk orð eru þýdd á táknmál og auk þess er boðið upp á útskýringar á táknmáli, t.d. á mismunandi málfræðiatriðum. Til þess að prófa þekkinguna er svo hægt að spreyta sig á mismunandi gagnvirkum æfingum.

### Uppbygging

Uppbygging námsefnisins er á margan hátt lík SignOn! en þó er boðið upp á fleiri möguleika. Námsefninu er skipt upp í 10 kafla um 10 mismunandi þemu sem tengjast daglegu lífi fólks. Hægt er að gera æfingar og skoða málfræðireglur sem tengjast hverjum kafla. Auk þess verður orðabók þar sem hægt verður að smella á orð og fá skýringu á táknmáli.

Vinna er nú hafin við námsefnisgerðina. Haldnir hafa verið tveir samstarfsfundir og mun næsti samstarfsfundur vera í Ungverjalandi í október. Von okkar er að nýja námsefnið muni nýtast vel, bæði fyrir einstaklinga og skóla.



*Frá samstarfsfundi en þeir eru haldnir reglulega.*

# Tinna táknmálsálfur

## *Tíu nýir þættir sýndir hjá RÚV í vetur*

Upphafið að Tinnu táknmálsálfi var að ég bjó til sögu fyrir yngsta son minn.

Síðan varð Tinna að persónu í barnaleikriti sem stóð til að gera í samráði við Þjóðleikhúsið, en vegna kreppunnar hefur enn ekki orðið af þeirri sýningu. Það kom svo til haustið 2007 að búin var til kennslubók í táknmálsstafrófinu en höfundar hennar eru Laila Margrét Arnþórsdóttir, Brynja Hrönn Jónsdóttir sem sá um alla tölvu- og textavinnu og Silvía V. Björgvinsdóttir sem myndskreytti bókina.

Það var skömmu síðar að mér var boðið að vera með smá tilraunaverkefni í Ártúnsskóla, þ.e.a.s. að koma einu sinni í viku og leggja inn stafatákn fyrir 1. bekk á sama tíma og þau fengu nýjan staf til að læra. Þannig lærðu þau stafinn og stafatáknið á sama tíma og að auki fengu þau tvö tákn með sama staf, sbr. A – api – appelsína. Tilraunin stóð yfir í heilan vetur og voru krakkarnir í 1. KG sérlega skemmtilegir og áhugasamir nemendur. Það var gaman að fylgjast með hvað þau voru fljót að ná tökum á verkefninu og voru þau sérlega áhugasöm.

Í skólanum voru engir heyrnarlausir nemendur en þar var einn heyrnarskertur skólaliði sem tók þátt í verkefninu og gaf það henni mikið að vera með. Krökkunum í bekknum fannst skemmtilegt að æfa sig í táknum með henni fyrir kennslutíma. Hugmyndinni var vel tekið af stjórnendum skólans og varð það til þess að ÍTR hafði svo samband haustið 2008 og óskaði eftir að fá tákn og lífsleikninámskeið í Skólaseli, sem er gæsla eftir hefðbundinn skólatíma. Það varð úr að ég og sonur minn, sem er kennaramenntaður, tókum að okkur að vera með námskeið. Í upphafi átti það að vera frá hausti og fram að jólum en hópurinn sem tók þátt í þessu var svo skemmtilegur og gefandi að ákveðið var að framlengja námskeiðinu fram á vor.

Á þessu námskeiði var tekin ný stefna og unnið með tákn og lífsleikni út frá kjörorðum Ártúnsskóla sem eru samvinna, vinátta og traust. Börnin föndruðu og bjuggu til táknmálseyju þar sem þau sköpuðu sinn eigin táknaheim. Til dæmis bjuggu þau fyrst til eyju og lærðu táknin í því tengdu, eins og EYJA og SJÓR og fleira. Svo bjuggu þau til fólk og lærðu táknin um fjölskylduna, s.s. MAMMA, PABBI og SYSTKINI. Í þessum hópi barna var CODA barn sem fékk stórt hlutverk og hópurinn leit upp til hans vegna þess að hann kunni meira en hinir af táknum og þau leituðu oft til hans til að fá svör um hvað þetta og hitt þýddi á táknmáli.

Í framhaldi var haft var samband við RÚV og viðruð sú hugmynd að fá að kynna Tinnu táknmálsálf í Stundinni okkar hjá Björgvini Franz Gíslasyni. Björgvin tók strax mjög vel í hugmyndina og var spenntur fyrir því að kynna Tinnu fyrir íslenskum börnum. Þá var haft samband við Kolbrúnu Völkudóttur sem tók að sér að leika Tinnu sem gerði það svo listavel að boltinn fór að rúlla og nú hefur sjónvarpið óskað eftir að fá 10 nýja Tinnuþætti til sýningar í haust og gaman er að segja frá því að Jan Fiurasek kemur til með að leika með Tinnu í þáttunum. Markmið með þáttunum er að kynna fyrir heyrandi börnum heim heyrnarlausra og táknmálið.







Samstarfið við RÚV hefur gengið ákaflega vel en þess ber þó að geta að ef ekki hefðu komið til styrkir frá Félagi heyrnarlausra, Samskiptamiðstöð, Zontaklúbbi Reykjavíkur og Foreldrafélagi heyrnarlausra og heyrnardaufra barna, er ekki víst að af þessu hefði getað orðið og er hópurinn ákaflega þakklátur fyrir þann stuðning sem þessir aðilar hafa veitt.

# Uppbyggingu menntunar og þjónustu fyrir heyrnarlausa í Namibíu

## *Starfsemi SHH í Namibíu*

*SHH hefur undanfarin ár unnið með Þróunarsamvinnustofnun að uppbyggingu á menntun og þjónustu fyrir heyrnarlausa í Namibíu. Verkefnið hófst árið 2006 og er markmiðið að tryggja þátttöku heyrnarlausra í namibísku samfélagi í samræmi við framtíðarmarkmið landsins, sem eiga að hafa náðst árið 2030. Meðal markmiða stjórnvalda er að tryggja að börn með fötlun eigi sömu möguleika til menntunar og önnur börn og að árið 2015 hafi öll börn aðgang að grunnskólanámi. Þróunarsamvinnustofnun hefur frá upphafi verkefnisins þegið sérfræðiráðgjöf frá SHH og hafa ráðgjafar stofnunarinnar unnið að þekkingarmiðlun og þjálfun í landinu undanfarin fjögur ár.*

### Namibískt táknmál eflt

Til þess að efla samfélag heyrnarlausra og þátttöku þeirra í namibísku samfélagi hefur verið unnið að því að efla og styrkja namibískt táknmál. Það hefur meðal annars verið gert með því að stuðla að því að rannsóknir á namibísku táknmáli hefjist og unnið verði að söfnun táknmálsefnis og að námsefnisgerð. Heyrnarlausir og heyrandi ráðgjafar og kennarar hafa verið þjálfaðir og unnið hefur verið að því að upplýsa um mikilvægi máltökunnar og leikskólastigsins. Með því er leitast við að styrkja og efla leikskóla og þroskamöguleika barna á leikskólaaldri. Helsta verkefnið framundan til að viðhalda starfinu í Namibíu er að styðja stofnun og þróun Samskiptamiðstöðvar fyrir heyrnarlausa.

### Á annað hundrað Namibíumanna hafa fengið þjálfun frá árinu 2006

Fyrsti þáttur samvinnunnar fólst í því að að vinna með kennurum tveggja skóla fyrir heyrnarlausa, Eluwa og NISE, og veita þeim fræðslu og þjálfun í kennslufræði tvítyngis, táknmáli og námsefniserð. Samtímis var safnað saman heyrnarlausu fólki sem hefði áhuga á að verða táknmálskennarar og haldið fyrsta námskeiðið fyrir táknmálskennara. Nú hafa 22 heyrnarlausir táknmálskennarar verið þjálfaðir. Þeir kenna táknmál í skólum fyrir heyrnarlausa, í kennaraskóla, framhaldsskóla og á námskeiðum fyrir foreldra heyrnarlausra barna. Einnig hafa kennarar tveggja deilda í almennum skólum fengið þjálfun og fræðslu.

Næst var hugað að þjálfun táknmálstúlka og hafa nú verið haldin nokkur túlkanámskeið. Einnig hafa verið þjálfaðir tveir kennarar sem haldið geta áfram uppbyggingu á menntun túlka. Alls hafa 40 táknmálstúlkar verið þjálfaðir og vinna þeir við að túlka nám, námskeið, viðtöl og fundi sem heyrnarlausir taka þátt í. Namibísku túlkakennararnir hafa nú kennt fyrsta hluta af túlkanámskeiði fyrir nýja túlka.







Táknmál er kennt sem valfag í kennaraskólanum og 19 heyrandi nemendur búa sig undir kennslu í skóla fyrir heyrnarlausa. Kennarar eru tveir, annar heyrnarlaus leiðbeinandi, sem kennir færni í táknmáli, en hinn heyrandi kennari, sem kennir kennslufræði og málfræði og hafa báðir fengið þjálfun frá SHH.

Leikhópur frá Draumasmiðjunni fór á vegum verkefnisins til Namibíu í febrúar 2009 og þjálfaði 17 heyrnarlausa og heyrandi leikara í Döff leikhúsi. Settar voru upp tvær Döff leiksýningar sem 2700 nambískir grunnskólanemendur sáu. Namibíski leikhópurinn hefur síðan farið í leikferð um landið og sýnt leikritin um líf og aðstæður heyrnarlausra. Í kjölfarið hafa borist fyrirspurnir og enn fleiri beiðnir til skrifstofu Þróunarsamvinnustofnunar í landinu um stuðning við heyrnarlausa og uppbyggingu á þjónustu á landsbyggðinni.

Á vegum verkefnis ÞSSÍ hafa 50 starfsmenn leikskóla fengið fræðslu um skóla án aðgreiningar og heyrnarlaus börn og hefur stofnunin stutt byggingar skólastofa fyrir heyrnarlausa við almenna grunnskóla.

### Heyrnarlausir Namibíumenn sækja sér margvíslega menntun

Sex heyrnarlausir nemendur eru nú við nám í framhaldsskólanum COSMOS í 11. og 12. bekk með þjónustu táknmálstúlka og sex heyrnarlausir nemendur eru í verknámi í COSDEC verknámsskólanum í Rundu, einnig með þjónustu táknmálstúlka sem hafa verið þjálfaðir af túlkakennara SHH. Tveir heyrnarlausir nemendur sækja fram-







haldsnám í fjarkennslu í Namibia College of Open Learning (NAMCOL). Þeir hyggjast starfa sem leiðbeinendur í menntun heyrnarlausra eða við uppbyggingu á þjónustu við heyrnarlaust fólk í samfélaginu. Sex heyrnarlausir eru að endurtaka 10. bekk í fjarkennslu í NAMCOL. Þess má geta að almennt er í kringum 50% fall í tíunda bekk í Namibíu og heyrnarlausir nemendur í Namibíu fóru ekki í framhaldsnám áður en verkefnið fór af stað.

Tólf heyrnarlausir táknmálskennarar hafa sótt framhaldsnámskeið á vegum menntamálaráðuneytisins í Namibíu sem fullorðinsfræðslukennarar. Túlkar þjálfaðir af SHH unnu við að túlka námskeiðið. Fullorðinsfræðslukennarar kenna nú heyrnarlausu fólki, sem ekki hefur átt aðgang að neinu námi, í samtals fimm bekkjum í þrem héruðum landsins.

Tíu heyrnarlaus ungmenni hafa sótt námskeið hjá ráðuneyti barna og jafnréttismála, þar sem þau læra að vera aðstoðarfólk á leikskólum og huga sérstaklega að þörfum heyrnarlausra barna. Á námskeiðinu njóta ungmennin þjónustu táknmálstúlka sem þjálfaðir voru af SHH.



## Vinna hafin við gerð námsefnis

Vinna er hafin við að safna sögum á táknmáli og leikritin sem sett voru upp með Döff leikhúsinu voru tekin upp og gefin út á DVD. Fyrirhugað er að hefja samvinnu við táknmálsstöð í S-Afríku, SLED um áframhaldandi námsefnisgerð og söfnun efnis, ásamt því sem SHH mun leggja til námsefni sem staðfært verður í namibískt samhengi.

## Stofnun Samskiptamiðstöðvar verður næsta skref

Til þess að tryggja áframhaldandi starfsemi í Namibíu á þessu sviði eftir að ÞSSÍ hættir þróunarsamvinnu við Namibíu árið 2010 hefur mikil áhersla verið lögð á stofnun Samskiptamiðstöðvar á vegum namibíska menntamálaráðuneytisins. Haldnir hafa verið nokkrir fundir og ráðstefnur með hagsmunaaðilum í landinu þar sem hugmyndir um Samskiptamiðstöð hafa verið kynntar. Kortlagðar hafa verið þarfir fyrir þjónustu og leitað eftir hugmyndum hagsmunaaðila. Menntamálaráðuneytið hefur nú úthlutað lóð fyrir stöðina og verið er að teikna húsnæði og ráða fólk til starfa. Stefnt er að því að starfsfólk namibísku samskiptamiðstöðvarinnar, sem hlotið hefur nafnið Center for Communication and Deaf studies (CCDS), komi til Íslands í þjálfun á SHH á næsta ári.



## Samstarfið hefur verið ánægjulegt og mjög árangursríkt

Samstarf Þróunarsamvinnustofnunar, SHH og menntamálaráðuneytis Namibíu hefur verið afar ánægjulegt. Starfsfólk skrifstofu ÞSSÍ í Namibíu hefur ásamt heimamönnum unnið að þróun og uppbyggingu á þjónustu við heyrnarlausa í Namibíu eftir tillögum ráðgjafa SHH og mikill árangur hefur náðst eins og sjá má af framansögðu. Í síðustu heimsókn í júní 2009 fóru ráðgjafar frá SHH, starfsmenn frá skrifstofu ÞSSÍ í Namibíu og fulltrúi frá menntamálaráðuneyti Namibíu í skoðunarferð um landið og heimsóttu öll verkefnin sem komin eru af stað. Það var verulega ánægjulegt að sjá hvernig þjónusta við heyrnarlausa er að festa rætur og spíra um allt land. Heyrnarlausir, sem fengið hafa þjálfun, eru farnir að kenna öðrum og túlkar túlka fyrir heyrnarlausa í námi. Viðhorf innan skólakerfisins eru að breytast þar sem skólamenn eru að vakna til vitundar um að heyrnarlausir geti menntast.

Samskiptamiðstöðin CCDS verður opnuð nú á haustdögum og þar verður haldið áfram að vinna að uppbyggingu og þróun starfseminnar. Gert er ráð fyrir að SHH og CCDS í Namibíu muni eiga áframhaldandi samstarf þótt skrifstofu Þróunarsamvinnustofnunar í Namibíu verði lokað. Þannig má fullyrða að hafin sé þróun í Namibíu sem getur ekki annað en eflst og dafnað og mun leiða til mikilla og jákvæðra breytinga á lífi heyrnarlausa í landinu.

# Alþjóðlega keilumótið í Stuttgart

## *Keila er tilvalin íþrótt fyrir alla*

Þröstur Friðþjófsson og Anna Kristín Óladóttir tóku þátt í alþjóðlegu keilumóti í Stuttgart í Þýskalandi þann 10. -12. apríl sl. Þau flugu fyrst til Frankfurt og fóru þaðan með bílaleigubíl til Stuttgart. Anna var bílstjóri og gekk ferðin mjög vel.

Fyrsta daginn var einstaklingskeppni. Keppnin byrjaði sæmilega hjá íslensku keppendunum en svo illa vildi til að kúla Önnu brotnaði og þurfti að gera bráðabirgðaviðgerð á henni. Næsta dag var liðakeppni og keppti Þröstur ásamt tveimur Dönum og Anna með tveimur ítölskum konum. Lið Þrastar komst ekki áfram þótt persónulegur árangur hans hafi verið góður. Liði Önnu gekk mjög vel og komst áfram í úrslitakeppni. Liðið endaði í 1. sæti sem er frábær árangur. Íslenska keiluliðið er mjög efnilegt og gæti átt góða möguleika á sigrum í stórum og smáum mótum í framtíðinni. Nú vantar bara fleiri með.

Aðalstuðningsaðili mótsins var bílaframleiðandinn Porsche og voru verðlaun o.fl kostuð af þeim. Heimferðin gekk vel þrátt fyrir að mikil umferð hafi verið á leiðinni á flugvöllinn í Stuttgart.




Anna Kristín Óladóttir og Þröstur Friðþjófsson.

### Til fróðleiks

Til gamans má geta þess að meðal keppenda í Stuttgart var fólk á öllum aldri, eða frá 20 – 80 ára. Keila er tilvalin íþrótt fyrir þá sem hafa ekki áhuga á íþróttum þar sem reynir á líkamlegt þol. Allir eru velkomnir að koma og æfa og taka þátt í mótum. Hægt er að hafa samand við Þröst Friðþjófsson, formann Keiludeildar Kjalarness sem er næst stærsta keilufélag landsins. Þar eru nokkrir Döff sem keppa saman í liði. Keiludeild Kjalarness heyrir undir Ungmennafélag ÍBR og eru margar smærri deildir innan keilufélagsins, s.s. KDK-döff, KDK-keiluvinir, KDK-keila og KDK-GK.

Við bjóðum alla velkomna á keiluæfingu.

Þröstur Friðþjófsson, formaður KDK.




*Lið Önnu sem endaði í 1. sæti.*

# Framtíð Íþróttafélags heyrnarlausra

## *Skiptar skoðannir um framtíðaráherslur í starfinu*

Íþróttafélag heyrnarlausra boðaði til kvöldfundar um framtíð félagsins og einnig til að skýra frá því að formaðurinn hafði sagt af sér. Trausti Jóhannessson tók tímabundið að sér formennsku. Aðalefni fundarins var framtíð íþróttafélagsins og sköpuðust heitar umræður um málefnið. Rætt var hvort breyta ætti félaginu í afreksdeild, slíta samstarfi við FH eða fara í samstarf við Íþróttafélag fatlaðra. Mismunandi skoðanir voru uppi um þetta og náðist því engin niðurstaða. Ákveðið var að kjósa um stöðu ÍFH á aðalfundi þegar mæting væri betri.

Íþróttafélagið veitti keiluhópnum styrk vegna ferðalags til Stuttgart í Þýskalandi til að taka þátt í móti.

Í vor var kosin ný stjórn ÍFH þar sem Trausti Jóhannesson var kosinn formaður og meðstjórnendur þeir Sindri Jóhannsson og Leszek Daszkowski. Varamaður er Anna Óladóttir. Tekin var ákvörðun um að reyna að auka sjálfstæði íþróttafélagsins þó það starfi áfram undir stjórn FH.

Íþróttafélagið leigði fótboltavöll hjá Fram á þriðjudagskvöldum í sumar. Mæting var nokkuð góð á æfingar og veður yfirleitt gott. Sótt verður um aðstöðu í Hlíðaskóla fyrir veturinn eins og síðasta vetur. Tímar verða auglýstir síðar.



Það er hvergi gefið eftir inná vellinum.



VIÐ STYRKJUM FÉLAG HEYRNARLAUSRA

OPIN KERFI

ÁLABORG Apartments

Portfarma

Elding adventure at sea

LS LANDSTEINAR STRENGUR
Okkar þekking - þitt forskot!

HEYRN HEYRNARÞJÓNUSTA

gsk GlaxoSmithKline
Markmið lyfjafyrirtækisins GlaxoSmithKline er að gera fólki kleift að áorka meiru, líða betur og lifa lengur.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

prentun.is prentlausnir fyrir alla

HE TRÉSMIÐJA HEIMIS
Unubakka 3b • 815 Þorlákshöfn
Sími 483 3693 & 892 3742
tresmidjan@tresmidjan.is • www.tresmidjan.is

Eirberg

Starfsgreinasamband Íslands

FMS

G&K Seafood ehf.

ÍSFUGL
Sími: 566 6103 www.isfugl.is

HS ORKA HF

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA



# Húsnæðið hannað með þarfir starfseminnar að leiðarljósi

## *Samskiptamiðstöð flytur á Suðurlandsbraut 12*

*Félag heyrnarlausra vill óska Samskiptamiðstöð til hamingju með nýtt og glæsilegt húsnæði á Suðurlandsbraut 12. Döffblaðið spurði Valgerði Stefánsdóttur, forstöðumann, um tildrög flutninganna og hvernig gengi í nýja húsnæðinu.*

Gamla húsnæðið í Sjómannaskólanum var orðið allt of lítið og hentaði starfseminni illa. Það hafði lengi staðið til að flytja en það var ekki auðvelt að fá gott húsnæði, miðsvæðis, á þenslutímanum fyrir hrunið. Það var svo röð atburða sem varð til þess að okkur bauðst að taka á leigu húsnæðið á Suðurlandsbrautinni.

### Var kennsluhúsnæði Icelandair

Áður hafði Icelandair nýtt það fyrir kennslu áhafna og skiptist húsnæðið í skrifstofur og kennsluhúsnæði. Margt var hægt nota óbreytt, t.d. svæðið þar sem túlkaþjónustan er nú en kennslustofunum var breytt mikið. Við höfðum alltaf stefnt að því að túlkaþjónustan og námsefnisgerðar- og kennslusvið væri aðskilið. Húsnæðið mætti þörfum okkar í því tilliti fullkomlega en skrifstofa túlkaþjónustunnar er með sér inngang. Þar eru fleiri skrifstofur sem munu hýsa t.d. starfsmann sem vinnur að uppbyggingu á þjónustu við daufblinda.

Við fengum arkitekt til þess að teikna breytingarnar og veggir voru brotnir niður og aðrir settir upp. Túlkar hafa nú góða vinnuaðstöðu til undirbúnings og fundahalda. Sérstakt herbergi er fyrir myndsímatúlkun en þangað geta heyrnarlausir komið og notað myndsímann til þess að hringja í Línu túlk á Grundarfirði. Unnið er að námsefnisgerð, undirbúningi fyrir kennslu, og rannsóknum á stóru opnu svæði sem skipt er niður með skilrúmum. Þar er líka kennslustofa og myndver sem er betur staðsett en í gamla húsnæðinu. Bæði kennslustofan og myndverið er stærra og betra og með góðum geymslum fyrir námsgögn og tæki.

Húsæðið er bjart og opið, hannað utan um þarfir starfseminnar og með það í huga að hér er talað táknmál.

Í vinnusalnum er unnið að SignOnOne verkefninu, skipulagi kennslu og undirbúningi, unnið að endurskoðun og þróun námsefnis í táknmáli fyrir heyrnarlaus börn og efni fyrir börn á forskólaaldri.

### Húsnæðið gefur meiri möguleika

Í sumar fengu tveir háskólanemar aðstöðu og aðstoð hjá okkur til þess að vinna að rannsóknum á táknmáli og í vetur fær einn fræðimaður aðstöðu til að vinna að táknmálsorðabók með okkur. Nýja húsnæðið hefur fært okkur þessa ánægjulegu viðbót, möguleikann á samstarfi við Háskólann og fræðimenn á starfssviði okkar. Við getum veitt vinnuaðstöðu og aðgang að öllu því efni sem við höfum safnað og sérfræðiþekkingu okkar á sviðinu. Þeir geta unnið að rannsóknum sínum með stuðningi sérfræðinga SHH og í staðinn koma þeir með styrki til verkefna. Fræðilegu þekkinguna sem verður til getum við notað beint inn í kennsluefni og nýtt á annan hátt. Þannig næst mikill hagnaður fyrir báða aðila.

### Aðgengi að bókasafninu betra

Bókasafnið okkar, sem er með efni um táknmál; málfræði, félagsleg- og sálfræðileg málvísindi heyrnarleysi, ráðgjöf o.s.frv. er nú mun aðgengilegra og þar er vinnuaðstaða fyrir háskólanema eða aðra sem vilja nýta sér bækur og myndefni.

Það hefur orðið mikil breyting á vinnuumhverfi okkar á SHH eftir flutninginn. Okkur líður vel hérna og við vonum að viðskiptavinir okkar séu jafn ánægðir með breytingarnar.











*Talið niður: Suðurlandsbraut 12, aðstaða táknmálasviðs, starfsfólk túlkunarþjónustu, upptökuherbergið og Tomas Evertsson tæknimaður.*

VIÐ STYRKJUM FÉLAG HEYRNARLAUSRA

MANNVIT VERKFRÆÐISTOFA

Strúctor byggingaþjónusta

MÁLNINGARMIÐSTÖÐIN
Hólabraut 18 , 600 Akureyri, sími 4611197/69401147

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

VM
Félag vélstjóra
og málmtæknimanna

